

# STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1998

9. mars 1998

297

Nr. 151

## AUGLÝSING um ökutækjatryggingar.

### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 533 milljónir kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 108 milljónir kr. vegna tjóns á munum.

### 2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 21 milljón kr.

### 3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 84.000 kr. fyrir einstakling og 185.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 30.000 kr.

### 4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.  
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 155 26. febrúar 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. mars 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*